

Nýr safnstjóri og nýtt Náttúruminjasafn!

Eins og greint hefur verið frá á heimasíðu HÍN (www.hin.is) gerðust þau ánægjulegu tíðindi 17. mars síðastliðinn að lög um Náttúruminjasafn Íslands voru samþykkt á Alþingi. Þetta er merkur áfangi í starfsemi HÍN, en eitt helsta baráttumál félagsins frá stofnun þess árið 1889 hefur verið að koma upp myndarlegu og boðlegu náttúruminjasafni fyrir þjóðina og gesti landsins.

Ekki er síður ánægjulegt að greina frá því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, skipaði 8. maí síðastliðinn dr. Helga Torfasón, jarðfræðing og varaformann HÍN með meiru, í embætti safnstjóra hins nýja Náttúruminjasafns. Embættisveitingin er til fimm ára. Alls bárust menntamálaráðuneytinu sjö umsóknir um embættið.

Helga Torfasyni er óskað velfarnaðar í hinu nýja starfi. Hans bíða áhugaverð verkefni sem lúta að stefnumótun og skipulagningu á starfsemi hins nýja safns. HÍN vonar að vandað verði til verksins og til verði kallaðir hinir hæfustu aðilar. Félagsmenn HÍN eu hvattir til að fylgjast með þessu máli.

Netföng félagsmanna

Félagsmenn sem ekki hafa sent félaginu netföng sín eru eindregið hvattir til að gera það hið fyrsta. Netfangið er stjorn@hin.is eða hin@hin.is. Netföng félagsmanna eru notuð til að senda þeim tilkynningar um fræðsluerindi, fræðsluferðir og fleira sem félagið stendur fyrir. Netföngin verða ekki afhent þriðja aðila.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, 200 Kópavogur
Sími: 570 0430 - Netfang: hin@hin.is - Heimasíða: www.hin.is
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



Félagsbréf

2. tölublað

Maí 2007

32. árgangur

Gengið á Þríhnúkaíg

Fræðsluferð HÍN miðvikudaginn 6. júní

Fyrsta fræðsluferð HÍN í ár verður miðvikudaginn 6. júní og er stefnt á Þríhnúkaíg sem er norður af Grindaskörðum í Bláfjallafólkvangi. Leiðsögumaður verður valinkunnur jarðfræðingur sem þekkir svæðið mjög vel, dr. **Kristján Sæmundsson**.

Þríhnúkaígur er gjall- og klepragígur sem er talinn hafa myndast í gosi fyrir um 1000 árum. Í lok gossins tæmdist gosrásin, kvikan seig niður og mikið gímald myndaðist undir gígnum, um 120 m á hæð og nær 0,3 ha að gólflatarmáli. Gígurinn er lítt kunnur en fyrst var sigið í hann 1974. Fram hafa komið hugmyndir um að grafa göng inn í gíginn og hafa þar útsýnispall um hellinn miðjan. Fáir hellar eru til á jörðinni af þeirri gerð og stærð sem Þríhnúkaígur tilheyrir. Umhverfi Þríhnúka er mjög áhugavert, móbergshnúkar frá ísöld og nútímahraun með gígum og hrauntröðum. Af gígnum er gott útsýni yfir höfuðborgarsvæðið og Snæfellsnes.

Gangan hefst kl. 19:00 í Bláfjöllum við mót vegar númer 407 (Bláfjallaleið) og 417 (Bláfjallavegur). Gera má ráð fyrir að það taki innan við eina klst. að ganga hvora leið og komið verði til baka á upphafsreit um kl. 22:00.

Mælst er til þess að fólk komi sér sjálft á upphafsstað göngunnar. Fólk er hvatt til að ræða sín á milli um bílasamflot. Einnig er möguleiki að fá bílfar með skipuleggiendum (senda óskir þar að lútandi á netfangið stjorn@hin.is).

Gangan er ekki erfið og ætti að vera við flestra hæfi og allir eru velkomnir.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í afgreiðslu Hins íslenska náttúrufræðifélags í síma 570 0430, eða með því að senda skeyti á netfangið stjorn@hin.is.

Frá aðalfundi HÍN

Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags var haldinn laugardaginn 24. febrúar 2007 í Kópavogi. Stjórn HÍN árið 2007 er þannig skipuð: Kristín Svavarsdóttir (formaður), Helgi Torfason (varaformaður), Hilmar J. Malmquist (ritari), Kristinn J. Albertsson (gjaldkeri), Droplaug Ólafsdóttir (meðstjórnandi), Esther Ruth Guðmundsdóttir (meðstjórnandi) og Helgi Guðmundsson (meðstjórnandi).

Tveir félagsmenn HÍN voru heiðraðir fyrir störf í þágu félagsins á aðalfundinum, þau Álfheiður Ingadóttir, fyrrverandi ritstjóri Náttúrufræðingsins, og Erling Ólafsson, fráfarandi dreifingar- og afgreiðslustjóri. Álfheiður ritstýrði Náttúrufræðingnum um tíu ára skeið frá 1996 til loka árs 2006 og sá um útgáfu á níu og hálfum árgangi (3.-4. hefti 66. árg. – 1.-2. hefti 74. árg.). Erling lét af störfum sem dreifingar- og afgreiðslustjóri tímaritsins um síðastliðin áramót eftir dygga þjónustu í um tvo áratugi. Kristín Svavarsdóttir, formaður HÍN, færði þeim Álfheiði og Erling bók að gjöf í þakklætisskyni.

Á aðalfundinum voru samþykktar þrjár ályktanir sem lagðar voru fram af stjórn félagsins:

1. Um Náttúruminjasafn Íslands

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 24. febrúar 2007 í Kópavogi, ítrekar fyrri ályktanir aðalfunda Hins íslenska náttúrufræðifélags til margra ára um málefni Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns íslensku þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem félagið hefur barist fyrir í meira en heila öld. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur menntamálaráðherra og aðra hlutaðeigandi aðila til að beita sér af fullum þunga fyrir því að ráðist verði hið fyrsta í byggingu veglegs og nýstárlegs sýningar- og kennslusafns í náttúrufræðum, sem hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og starfi í vísindalegum tengslum við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðra aðila sem rannsaka náttúruna.

Hið íslenska náttúrufræðifélag fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp að sérlögum um Náttúruminjasafn Íslands, sem nú er til umræðu á Alþingi. Félagið leggur áherslu á að verði frumvarpið samþykkt að lögum er afar brýnt að ráðast hið fyrsta í vinnu sem snýr að stefnumótun og skipulagningu á starfsemi hins nýja safns. Þar verður að vanda vel til verks og kalla til hæfa aðila. Hið íslenska náttúrufræðifélag minnir á samofna sögu og tengsl félagsins við náttúrugripasafnið, sem fyrst var nefnt Náttúrugripasafnið í

Reykjavík, síðar Náttúrugripasafn Íslands og að endingu Náttúrufræðistofnun Íslands. Tilvonandi Náttúruminjasafn Íslands byggir á þessum grunni og væntir Hið íslenska náttúrufræðifélag góðs samstarfs við ráðuneyti mennta- og umhverfismála um framtíðarmálefni Náttúruminjasafns Íslands.

2. Um rammaáætlun

Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 24. febrúar 2007 í Kópavogi, hvetur ríkisstjórn Íslands eindregið til þess að setja aukinn kraft í gerð seinni áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og ljúka honum sem allra fyrst. Hið íslenska náttúrufræðifélag telur að þannig verði unnt að skapa sátt meðal þjóðarinnar um skynsamlegan grunn til ákvörðunar um verndun náttúru landsins og forgangs Röðun einstakra kosta til orkuöflunar. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvarmar seinagang yfirvalda í þessu máli og brýnir að gefnu tilefni fyrir stjórnvöldum og virkjunaraðilum að bíða með öll áform um virkjanir, jafnt í vatnsaflum sem jarðvarma, þar til niðurstaða hefur fengist í rammaáætlun. Í þessu sambandi ber einkum að horfa til mikils verndargildis háhitasvæða á miðhálandinu, sem eru einstök í náttúru Evrópu og sum hver á heimsmælikvarða, svo sem Torfajökulssvæðið, Kerlingafjöll, Kverkfjöll, Hveravellir, Brennisteinsfjöll og Askja.“

3. Um Geysi í Haukadal

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 24. febrúar 2007 í Kópavogi, hvetur umhverfisráðherra og ríkisstjórn Íslands eindregið til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem allra fyrst og koma á viðeigandi verndun á Geysi í Haukadal og jarðhitasvæðinu sem við hann er kennt. Geysir er einn af frægustu goshverum í veröldinni og var lengi sá eini sem var þekktur, auk þess að vera fyrstur goshvera sem var rannsakaður. Geysissvæðið er ekki verndað með lögum en um það gilda ákveðnar umgengnisreglur sem þó ná aðeins um hluta svæðisins. Umgengni á svæðinu er slæm og eftirlit í lágmarki. Um 250 til 300 þúsund manns heimsækja svæðið á ári og brýn þörf er á að halda svæðinu vel við, svo sem göngustígum, göngubrúum og upplýsingaskiltum. Í dag eru upplýsingaskilti upplituð af sólinni og göngustígar úr lagi gengnir. Hið íslenska náttúrufræðifélag telur mjög mikilvægt að viðkomandi aðilar bregðist fljótt við í þessu máli og leysi það á farsælan hátt.“